# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** Enska 4. bekkur náttúrufræðibrautar – **ENSK2OM06**

**Kennarar:** Hilmar Gunnlaugsson (hilmar@mr.is) , Sigurður Páll (sigurdurp@mr.is) og Katherine Louise Þóra Stokke (katherine@mr.is)

**Markmið:** Að nemendur

- auki orðaforða sinn í ensku
- kynnist málfari sem tengist raunvísindum
- fái yfirsýn yfir enska málfræði
- geti lesið enskar smásögur og skáldsögur í upphaflegri gerð á nútímamáli. Miðað er við sögur með tiltölulega einföldum söguþræði
- geti tjáð sig um dagleg málefni og óhlutbundin efni í tengslum við námsefni æfist í hlustun
- geti ritað stuttar ritgerðir um bækur sem hann les, ritað sendibréf og gert útdrætti úr lesnu efni

**Kennslugögn:**

- **Enskuhefti English Reader- handa 4.bekk náttúrufræðibrautar**: (fjölrit MR).

- **Bók:** *Animal Farm* by George Orwell

- **Kjörbækur:** *Lord of the flies* by William Golding, *Born a Crime* by Trevor Noah and *Nettle and Bone* by Ursula Vernon

- **Skrifleg og munnleg verkefni**

**Námsmat**:
Í námskeiðinu er símat sem byggist á munnlegri frammistöðu, virkni í kennslustundum og ýmsum prófum og verkefnum á námstíma og skiptist þannig í lok annar:
Orðaforði **30%**; Ritun og önnur verkefni - **5%**; *Animal Farm* – **15%**; kjörbók– **10%**; Fyrirlestur – **10%**; Hlustun **– 10%**; Ástundun **– 20%**

**Námsmat kann að breytast eftir að þessi kennsluáætlun hefur verið birt.**

**Athugið:** Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókarlaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.